



**NOW**  
New Opportunities  
for Women

## AF HVERJU NÚNA?

Það er enn langt í það að við náum kjarajafnrétti. Munur á kjörum kynjanna er mismunandi milli landa, en í öllum þjóðríkjum hallar á konur. Það vantar konur í áhrifastöður á vinnumarkaði, og enn meira hallar á konur af erlendum uppruna.

Erasmus+ verkefnið *New Opportunities for women (NOW)* sem var sett á laggirnar í október 2019 er ætlað að stofna samevrópskt tengslanet sem tengir konur á Íslandi, Bretlandi, Frakklandi, Grikklandi, Írlandi, Kýpur, Portúgal og Spáni. Tengslanetið er hannað til að bjóða upp á þjálfun og til að deila reynslu og góðum hugmyndum frá þeim löndum sem taka þátt í verkefninu.

**SJÁ MEIRA:**

[www.facebook.com/nowEUproject](http://www.facebook.com/nowEUproject)

## HVAÐ?

NOW stefnir að því að efla konur af erlendum uppruna í leiðtogastöður og til að styrkja framgang þeirra. Verkefnið felst í:

- Framleiðslu myndbanda þar sem konur sem eru leiðtogar í sínu starfi deila reynslu sinni til þjálfunar og innblásturs.
- Hönnun á rafrænu námskeiði sem boðið verður upp á í opnum aðgangi á veraldarvefnum; og uppsetningu gagnabanka með góðum hugmyndum sem konur geta nýtt sér til fræðslu og til að auka þekkingu sína á leiðtogahæfni, sem og til að tengjast öðrum konum af erlendum uppruna, kvenleiðtogum og þjálfurum.
- Þróun sérhannaðrar þjálfunarnámskrár til að þjálfra framtíðarráðgjafa til að aðstoða og styrkja konur af erlendum uppruna í stöðu sinni og efla framgang þeirra á vinnumarkaði sem og í öðrum sviðum samfélagsins.
- Framkvæmd tilrauna á rafrænu námskeiði og þjálfunarnámskrár.
- Upplýsingagjöf til samstarfsaðila, aðila vinnumarkaðarins, sérfræðinga, fólks í áhrifastöðum og stefnumótandi stöðum sem og annarra hagsmunaaðila, með dreifingu á upplýsingarefni og aðstoð við að nýta upplýsingarefni NOW, þ.á.m. með skipulagningu námskeiðs í september 2021.

Eftir að verkefninu lýkur hafa samtökin sem taka þátt í NOW einsett sér að viðhalda upplýsingabankanum þar sem safnað er saman upplýsingarefni og góðum hugmyndum, til að bjóða upp á áframhaldandi þjálfun, ekki aðeins til kvenna af erlendum uppruna heldur til allra kvenna sem hafa áhuga á að efla stöðu sína á vinnumarkaði.

**Tengiliður á Íslandi**

[www.kvenrettindafelag.is](http://www.kvenrettindafelag.is)  
[postur@kvenrettindafelag.is](mailto:postur@kvenrettindafelag.is)



*Innovating Minds  
Creating Change  
Transforming Futures*



"The European Commission's support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents, which reflect the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein."

Project 2019-1-UK01-KA204-061406

With the support of the  
Erasmus+ Programme  
of the European Union

